



Siðareglur SÁÁ

Inngangur

1. gr.

Í því skyni að tryggja góða stjórnarhætti, fagleg vinnubrögð og traust á starfsemi SÁÁ setur aðalstjórn SÁÁ sér eftirfarandi siðareglur, sem gilda fyrir þá sem kjörnir eru í aðal-, vara- og framkvæmdastjórn hjá SÁÁ.

Siðareglunum er ætlað auka gagnsæi og endurspegla grunngildi starfsemi SÁÁ sem fram koma í lögum samtakanna.

Almennar reglur um góða stjórnarhætti

2. gr.

SÁÁ leggur ríka áherslu á fagleg vinnubrögð og lýðræðislega stjórnarhætti og að stjórnarstörf hjá SÁÁ séu rækt af heiðarleika, sóma, virðingu, og ábyrgð.

Stjórnarmenn hjá SÁÁ skulu koma fram við starfsmenn SÁÁ og skjólstæðinga SÁÁ á jafnræðisgrundvelli og vera meðvitaðir um að starfsemin hefur áhrif á ólíka einstaklinga, fjölskyldur þeirra, hagsmunaaðila og samfélagið í heild sinni.

Stjórnarmenn skulu standa vörð um orðspor og trúverðugleika SÁÁ, sem eru dýrmætasta eign SÁÁ. Skulu starfshættir hvers og eins miða að því að varðveita og auka þau gildi.

Starfsskyldur, háttsemi og framkoma

3. gr.

Stjórnarmenn skulu gegna störfum sínum af vandvirkni, fagmennsku og alúð, og ávallt vinna störf sín með hagsmuni skjólstæðinga SÁÁ, hagsmuna SÁÁ og almannahagsmuni að leiðarljósi.

Stjórnarmenn skulu sýna hver öðrum tillitssemi og umburðarlyndi, vera málefnalegir og sanngjarnir á stjórnarfundum sem og á öðrum vettvangi á vegum SÁÁ.

Stjórnarmenn skulu hver og einn gæta fyllstu þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í stjórnarstörfum og leynt skal fara að lögum eða eðli málsins samkvæmt. Þagnarskylda varir einnig eftir starfslok stjórnarmanna hjá SÁÁ.

Ákvæði siðareglna þessara um framkvæmdastjórn sérstaklega skulu og gilda um aðalstjórn, eftir því sem við getur átt.

Meginhlutverk framkvæmdastjórnar

4. gr.

Meginhlutverk framkvæmdastjórnar er að móta stefnu SÁÁ í samráði við aðalstjórn, stuðla að viðgangi og uppbyggingu SÁÁ og hafa eftirlit með daglegum rekstri SÁÁ.

Framkvæmdastjórnarmenn skulu gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu innan stjórnar og utan. Stjórnarmenn skulu fara vel með vald sitt og gæta þess að umfjöllun sé af þeirra hálfu ávallt málefnaleg. Þeir skulu einnig gæta þess að persónulegar skoðanir á einstaklingum, stofnunum eða viðfangsefnum hafi ekki áhrif á umfjöllun sína og niðurstöður. Sömuleiðis skulu þeir taka tillit til sjónarmiða allra málsaðila án þess þó að láta skoðanir annarra rýra nauðsynlegt sjálfstæði sitt eða hafa áhrif á eigin afstöðu og ályktanir.

Stjórnarmenn gæta þess að framkvæmd stjórnarsýslu og rekstur SÁÁ sé ávallt eins og best verður á kosið.

Framkvæmdastjórnarmenn skulu gæta þess að við ráðningar á vegum SÁÁ sé lögum og reglum fylgt í hvívetna og að einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á æðstu stjórnendum eða öðru starfsfólki. Skal framkvæmdastjórnin leggja reglulega mat á frammistöðu stjórnenda félagsins.

Trúnaðar- og þagnarskylda

5. gr.

Trúnaður skal ríkja um það sem hver og einn framkvæmdastjórnarmaður ber fram eða verður vitni að á stjórnarfundum eða öðrum fundum innan eða á vegum SÁÁ.

Þá skal virða trúnað um innihald skjala og annarra gagna, sem stjórnarmenn fá í hendur eða aðgang að vegna stjórnarstarfa sinna, og trúnaður skal vera um.

Hagsmunaárekstrar

6. gr.

Framkvæmdastjórnarmenn skulu gæta þess að vina-, hagsmuna- og skyldleikatengsl hafi ekki áhrif á stjórnarsetu þeirra. Hverjum og einum framkvæmdarstjórnarmanni ber skylda til að tilkynna formanni stjórnar (formanni SÁÁ) um hugsanlegt vanhæfi við málsmeðferð og afgreiðslu einstakra mála, um leið og honum verður kunnugt um það. Um slík tilvik skal líta til og fara eftir hæfisreglum 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Stjórnarmenn skulu ekki nýta sér stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum lýkur.

Samskipti út á við

7. gr.

Formaður SÁÁ annast samskipti við fjölmiðla og kemur fram fyrir hönd SÁÁ gagnvart eftirlitsaðilum og öðrum opinberum aðilum. Framkvæmdastjórnarmenn skulu vísa fyrirspurnum fjölmiðla um það sem varðar starfsemi SÁÁ til formanns SÁÁ.

Siðanefnd

8. gr.

Framkvæmdastjórn skipar þrjá aðila í siðanefnd, en a.m.k. einn þeirra skal vera óháður framkvæmdastjórn. Þá skal einn aðili skipaður til vara. Nefndina skal skipa til 3 ára í senn.

Hlutverk siðanefndar er að veita ráð um efni, framsetningu og endurskoðun siðareglna SÁÁ. Nefndin tekur við og svarar fyrirspurnum um túlkun á siðareglum þessum.

Ef tilkynning eða ábending berst um brot á siðareglum skal siðanefndin taka þær til skoðunar, og eftir atvikum afla gagna og rannsaka málsatvik með sjálfstæðum hætti. Siðanefndin skal skila framkvæmdastjórn álitum um hvort um brot á siðareglum hafi verið að ræða eða ekki.

Siðanefndin skal gera tillögu til framkvæmdastjórnar um nánari málsmeðferðarreglur hjá siðanefnd, sem framkvæmdastjórnin skal staðfesta. Í reglum skulu koma fram upplýsingar um meðferð mála fyrir siðanefndinni, hvernig nefndin aflar gagna og athugasemda málsaðila, sem og upplýsingar um framsetningu álita nefndarinnar.

Miðlun siðareglna til stjórnarmanna og almennings

9. gr.

Hver stjórnarmaður ber ábyrgð á og gætir að því fyrir sitt leyti að fara eftir siðareglum þessum hvívetna í störfum sínum.

Framkvæmdastjórn skal kynna siðareglur þessar fyrir aðal- og framkvæmdarstjórnarmönnum, vera á varðbergi gagnvart aðstæðum sem aukið geta hættu á að reglum sé ekki fylgt, bregðast við þegar þörf krefur og ganga á undan með góðu fordæmi

Siðareglur þessar skulu birtar á heimasíðu SÁÁ.